

LEIÐBEININGAR VARÐANDI UMSÓKN UM STYRK TIL RANNSÓKNA EÐA ÞRÓUNARVERKEFNA

Umsækjendur geta þeir einir verið sem eiga aðild að Vísindasjóði háskólamenntaðra starfsmanna Garðabæjar á þeim tíma er úthlutun fer fram.

Sæki viðkomandi um styrk til rannsókna eða þróunarverkefna er nauðsynlegt að eftirfarandi viðbótarupplýsingar fylgi með umsókn.

Þróunarverkefni.

- ✓ Greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess.
- ✓ Framkvæmdaáætlun – upphaf og lok verk tíma.
- ✓ Þátttakendur í verkefninu, séu þeir fleiri en umsækjandi.
- ✓ Hvaða gildi telur umsækjandi að verkefnið hafi og hverjir gætu hugsanlega haft not fyrir það að hans mati.
- ✓ Sundurliðuð kostnaðaráætlun (einstakir liðir færast á viðeigandi kostnaðarreiti á umsóknareyðublaði).

Rannsóknarverkefni.

- ✓ Hver er tilgangur rannsóknarinnar og hvaða spurningum á hún að svara.
- ✓ Hvaða aðferðum hyggst umsækjandi beita við rannsóknina.
- ✓ Þátttakendur í rannsókninni, séu þeir fleiri en umsækjandi.
- ✓ Hvort um sé að ræða frumrannsókn eða hverju þessi rannsókn á að skila til viðbótar við fyrri rannsóknir sama eða svipaðs efnis.
- ✓ Framkvæmdaáætlun – upphaf og lok rannsóknartíma.
- ✓ Sundurliðuð kostnaðaráætlun (einstakir liðir færast á viðeigandi kostnaðarreiti á umsóknareyðublaði).

Við mat á umsóknum fer eftir reglum sjóðsins en skv. þeim skulu m.a. eftirtalin atriði höfð til hliðsjónar við afgreiðslu umsókna:

- Gildi verkefnisins fyrir þróun innan stofnunarinnar
- Nýbreytnigildi verkefnisins
- Skipulag verkefnis – markmið – vinnuferli
- Hvort verkefnið hlýtur styrki úr öðrum sjóðum.

Umsækjendur skulu skila lokaskýrslu til sjóðsstjórnar við lok verkefnisins. Skýrsla þessi er forsenda þess að lokagreiðsla verði innt af hendi til umsækjanda.